

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 19. júní 2007 í máli nr. S-375/2007:

### Ákærvaldið

*(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**M**

*(Jón Haukur Hauksson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí 2007, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara útgefinni 13. apríl 2007 á hendur M, kt. 000000-0000, [...], „fyrir kynferðisbrot eins og hér greinir:

1. Með því að hafa sumarið 2005, á neðri hæð hússins að [...], í eitt skipti nuddað og sleikt kynfæri og rass A innan klæða, en telpan var þá fjögurra ára gömul.

Telst þetta varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 4. gr. laga nr. 40/2003, en til vara við 2. mgr. 202. gr. sömu laga.

2. Með því að hafa sumarið 2006, á heimili þriggja ára systurdóttur sinnar, B, að [...], í tvö skipti nuddað kynfæri telpunnar innan klæða, og fyrir að hafa í tvö skipti fróað sér að telpunni ásjáandi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 4. gr. laga nr. 40/2003, en til vara við 2. mgr. 202. gr. sömu laga, og við 209. gr. sömu laga.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta að fjárhæð 450.000 krónur auk vaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2005 til greiðsludags.

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta að fjárhæð 450.000 krónur auk vaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2006 til greiðsludags“.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara, verði hann fundinn sekur, vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess aðallega að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af bótakröfunum og til þrautavara krefst ákærði þess að bótakröfurnar verði lækkaðar. Loks krefst ákærði þess að sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans.

II.

### 1. ákæruliður.

Með bréfi dagsettu 27. júní 2006 óskaði barnaverndarnefnd [...] eftir afskiptum lögreglu vegna ætlaðs kynferðisbrots ákærða gagnvart A fæddri [...]. Kemur fram í kærinni að tilkynning hefði borist barnaverndarnefnd frá X, móður telpunnar, sama dag þar sem hún lýsti grunsemdum um að A hefði verið misnotuð kynferðislega af unglingsdreng sem stundum kæmi í heimsókn til fjölskyldu sem býr í sama húsi og amma telpunnar að [...]. Sumarið 2005 hefðu telpan og jafnaldri hennar og leikfélagi, C, leikið sér saman í garðinum við húsið nr. [...] þar sem hann býr. Ákærði í máli þessu, móðurbróðir C, hefði verið í heimsókn hjá fjölskyldu systur sinnar og leikið sér við börnin. Síðar um haustið þegar amma A, Y, hefði hjálpað telpunni á klósettið, hefði telpan spurt ömmu sína hvort það væri ekki bannað „að bíta í pjölluna“. Y hefði svarað því til að það mætti ekki og þegar hún hefði þýfgað telpuna frekar um þetta, hefði telpan sagt að ákærði hefði gert það. Y hefði sagt nágrönnum sínum, foreldrum C, frá þessu en ekkert meira orðið úr málinu að sinni.

Hins vegar hefði móðir telpunnar orðið vör við undarlega hegðun hjá A helgina áður en bréf barnaverndar var ritað. Telpan hefði sýnt móður sinni einkennileg atlot og þá hefði móðirin komið að telpunni þar sem hún var undir sæng að setja fingur inn í kynfæri sín. Jafnframt hefði telpan nokkru áður verið að leik með C og sagt frá því að hann hefði viljað að þau færu úr fötunum og sagt að síðan myndi hann leggjast ofan á hana. Þegar móðirin hefði gengið á telpuna, hefði hún lýst því að einhverju sinni þegar hún var á klósettinu niðri hefði ákærði komið og dregið niður um hana buxurnar, kitlað hana í pjölluna og sleikt hana þar og á rassinn. Þá hefði hann einnig beðið telpuna um að koma við typpið á sér en hún hefði neitað því og ekki gert það. Móðirin kvað A hafa greint frá framangreindu 26. júní 2006.

Með bréfi dagsettu 4. júlí 2006 óskaði barnaverndarnefnd [...] eftir afskiptum lögreglu vegna ætlaðs kynferðisbrots ákærða gagnvart C fæddum [...]. Kæra

nefndarinnar var byggð á tilkynningu X vegna gruns um að ákærði hefði beitt A kynferðislegu ofbeldi og jafnframt á frásögn telpunnar í Barnahúsi um að C hefði einnig orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni af hálfu ákærða. Kemur fram í bréfi barnaverndarnefndar að foreldrar C, Z og Þ, hefðu sagt að drengurinn hefði ekki gengist við því að ákærði hefði áreitt hann kynferðislega heldur hefði hann sagt að ákærði hefði verið að grínast þegar hann sagði þeim A að þau ættu að vera kærustupar og kyssast. Þá hefði drengurinn bæði neitað því að ákærði hefði snert kynfæri hans sem og spurningu um hvort ákærði hefði beðið drenginn um að snerta kynfærin á ákærða. Samkvæmt frásögn foreldra C hefði ákærði dvalið á heimili þeirra í tæpa viku í ágúst 2005 og þá verið við vinnu frá því snemma morguns til klukkan fimm síðdegis þegar þau voru komin heim. Ákærði hefði einungis einu sinni verið einn með syni þeirra í um það bil 30 mínútur á meðan þau fóru með rusl í Sorpu.

Að beiðni sýslumannsins í [...] og með vísan til a-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, voru teknar skýrslur í Barnahúsi af þeim A og C en skýrslutökurnar fóru fram undir umsjón dómara. Skýrsla var tekin af A 30. júní 2006 en C gaf skýrslu sína 7. júlí sama ár. Verður vitnisburður þeirra nú rakinn.

Þegar A var spurð að því hvort hún vissi hvers vegna hún væri komin í Barnahús að gefa skýrslu, sagði hún að það væri vegna þess að hún hefði lent í einhverju. Þegar hún var beðin um að segja frá því sem gerðist sagði hún að hún ætti einn vin og hann væri strákur og „...hann sagði einu sinni mér að hafa hann átti að fara upp í rúmið og ...ég átti að æi...vera með honum og kyssa hann upp í rúmi hans...og svo æi...og svo æi...að vera á nariunum og svo sagði hann æi...að hann að leggjast og ég fara og svo fara ég að lokum, að þá ég að fara úr nærbuxunum og öllum fötunum og leggjast á hann og kyssast.“ Nánar aðspurð um hver þessi strákur væri sagði hún hann heita C. Telpa sagðist hins vegar ekki hafa gert eins og drengurinn bað en sagt mömmu sinni frá þessu.

Aðspurð um það hvort einhver væri stundum í heimsókn hjá C, svaraði vitnið: „Nei, en það var einu sinni...það var einu sinni...ég og hann, amma lenti í slysi...einu sinni þá kom frændi hans og hann var æi...hann var að einu sinni að koma og látti mig og C að sjá hvors...hérna...þjölluna og rassinn...hann átti að sjá mig í þjölluna mína og hann átti líka að sjá C og rassinn minn og það var frændi hans...Hann var stór. Hann var fullorðinn.“ Spyrjandinn, Ólöf Ásta Farestveit, spurði telpuna nánar út í það sem frændinn hefði sagt þeim að gera og er í skýrslunni bókað eftirfarandi:

„A: Hann...að gera taka fyrst æi niður allt og svo ha síðan hvort aðra en hann gerði það, að setja svona niður, en við hlýddum ekki honum.

Ó: Hver setti niður?

A: Hann frændi hans.

Ó: Jáaa, hvað setti frændinn niður?

A: Æi, brækurnar og þetta“.

Skömmu síðar í skýrslutökunni segir telpan frá því að frændinn hefði tekið niður um hana buxur hennar og sokka eða sokkabuxur og loks nærbuxurnar. Um framhaldið sagði telpan: „Svo áttum við að gera þetta...sýn...að sýna rassinn og pjölluna...og typpið og rassinn“. Þá lýsti telpan því að frændinn hefði verið að koma við pjölluna og rassinn en þegar hún var spurð hvernig hann hefði gert það sagðist hún ekki muna það. Þegar spyrjandi spurði frekar út í það með hverju hann kom við pjölluna og rassinn sagði telpan hann hafa gert það með höndunum „og puttunum. Hann snerti svona...en þá má enginn snerta...“ Á myndbandi af skýrslutökunni sést hvar telpan setur báðar hendur að skauti sínu þegar hún lýsir þessu. Hún kvaðst ekki hafa meitt sig við þetta. A sagði að frændinn hefði gert það sama við C og sig, þ.e. komið með puttunum við typpið á honum, og sést á myndbandinu hvernig vitnið sýndi atvikið með þeim hætti að koma með annarri hendi við skaut sitt. Sérstaklega aðspurð sagði telpan foreldra C hafa verið heima við, í stofunni og eldhúsinu, þegar þetta gerðist en þau hefðu þó ekki séð til þeirra.

Telpan var spurð um það hvort frændinn hefði gert eitthvað með munninn sínum og segir í endurritinu á þennan veg:

„A: Nei. Jú, hann kom með munninn á pjölluna mína og rassinn. Hann ætlaði að fara að bíta...umm nei.

Ó: Hvað segirðu, var hann að fara...?

A: Að bíta.

Ó: Hvernig veistu það?

A: Sá hann fara að gera það.

Ó: Að setja munninn á pjölluna?

A: Já. Hann var...og ég var alveg...nei. (beygir sig fram og vísar andlitinu niður að skauti sér/innskot KÓG) niður eins og. Færði mig alltaf. (...færir sig til hliðanna í sófanum/innskot KÓG)

Ó: Jáaa, kom með munninn að pjöllunni. Þannig að, sagðist hann ætla að bíta þig?

A: Umhumm. Neibb.

Ó: Nei, þú sást bara að hann kom með munninn þannig að þú hélst að hann ætlaði að bíta.

A: Umhumm (jánkar).

Ó: Umhumm (jánkar). Setti hann munninn á þjölluna?

A: Nei. Hann gat það ekki út af ég fór alltaf frá. Og síðan til baka-frá-til baka. Alltaf að reyna. (...færir sig til hliðanna í sófanum/innskot KÓG)“.

Kom fram hjá vitninu að frændinn hefði ekki getað gert þetta við C. Sérstaklega aðspurð í lok skýrslutökunnar, kannaðist telpan ekki við að einhver hefði gert svona við hana áður.

Við skýrslutöku í Barnahúsi sagði C fullorðinn frænda sinn, ákærða í máli þessu, oft hafa passað sig áður fyrr en nú gerði hann það ekki lengur og kæmi aldrei í heimsókn til sín. Hins vegar færi hann stundum í heimsókn til ákærða. Drengurinn sagði þá frændur hafa leikið sér saman í feluleik og eltingarleik og líkaði drengnum ágætlega að láta ákærða passa sig þótt hann stríddi sér stundum.

Aðspurður kvaðst C ekki muna eftir því að ákærði hefði verið í heimsókn þegar hann lék sér við A, vinkonu sína. Þá kannaðist hann hvorki við að þau A hefðu klætt sig úr öllum fötunum saman né að hann hefði farið úr fötunum í hennar augsýn. Sérstaklega aðspurður um það hvort hann myndi segja frá því ef þau hefðu gert þetta, svaraði hann í fyrstu með því að jánka en svaraði síðan neitandi spurningunni um það hvort hann væri alveg viss. Gat drengurinn enga frekari skýringu gefið á því svári sínu. Spurningu um hvort A hefði komið inn til hans, svaraði C á þann veg að þau hefðu stundum horft á teiknimyndir en sagði síðan að sig langaði ekki til að segja frá því. Drengurinn neitaði því að þau A hefðu verið að kyssast og sagðist hafa verið að plata þegar hann sagði mömmu sinni frá því. Þá svaraði hann einnig neitandi spurningu um það hvort einhver hefði einhvern tímann beðið þau A um að kyssast. Loks kannaðist drengurinn ekki við að hafa lent í því að einhver snerti á honum typpið eða rassinn.

Af hálfu ríkissaksóknara var óskað eftir greinargerð varðandi viðtöl Margrétar K. Magnúsdóttur, sálfræðings í Barnahúsi við þau A og C um mat á því hvaða afleiðingar ætluð kynferðisbrot ákærða hefðu haft á þau. Í framlagðri greinargerð sálfræðingsins um A, dagsettri 12. mars sl., kemur fram að sálfræðingurinn hafi hitt telpuna í tvö skipti frá 1. ágúst 2006. Foreldrar telpunnar hefðu svarað svonefndum spurningalista yfir atferli barna og unglinga á aldrinum 6-18 ára á meðan sálfræðingurinn talaði við telpuna. Segir í greinargerðinni að ekkert markvert hafi komið út úr spurningalistanum né heldur viðtölunum. A hefði átt bókað annað

viðtal en ekki mætt. Er það niðurstaða sálfræðingsins að hvorki séu forsendur til að leggja faglegt mat á líðan telpunnar né afleiðingar ætlaðs kynferðisbrots á hendur henni.

Niðurstaða sálfræðingsins varðandi C er með svipuðum hætti og í máli A. Í greinargerð sálfræðingsins um drenginn dagsettri 12. mars sl., kemur fram að sálfræðingurinn hafi frá 4. október 2006 einungis einu sinni hitt drenginn en þá hefði hann mætt í fylgd föður síns. Faðirinn hafi svarað áðurgreindum spurningalista á meðan sálfræðingurinn ræddi við drenginn. Segir í greinargerðinni að ekkert markvert hafi komið út úr spurningalistanum né heldur viðtalinu. C hafi átt bókað annað viðtal þann 25. október en ekki mætt. Í lok greinargerðarinnar kemur fram sú niðurstaða sálfræðingsins að hvorki séu forsendur til að leggja faglegt mat á líðan drengsins né afleiðingar ætlaðs kynferðisbrots á hendur honum.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vætti vitna fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins.

Ákærði hefur neitað sök. Hann kvaðst einu sinni hafa átt samskipti við A en það hefði verið þegar hún og C, systursonur ákærða, léku sér eitt sinn heima hjá Z, systur ákærða, sem hafði skroppið í Sorpu. Aðspurður nánar um samskipti sín við börnin, kvaðst ákærði einungis hafa „skotið“ á frænda sinn og spurt hann að því hvort telpan væri kærasta hans. C hefði neitað því og börnin farið inn í herbergi að leika sér og síðan hafi þau farið út að leika sér. Ákærði kvaðst ekki muna hvenær þetta var en taldi mögulegt að þetta hefði gerst þegar hann gisti í viku hjá systur sinni í ágúst 2005 meðan hann var að vinna hjá sláturfélagi.

Ákærði kvaðst hvorki hafa hitt A fyrr né síðar og neitaði því alfarið að nokkuð kynferðislegt hefði komið upp í samskiptum þeirra. Þegar undir ákærða var borin lögregluskýrsla stjúpföður hans, N, kvað ákærði ekki rétt það sem þar kæmi fram um að ákærði hefði látið börnin kyssast en mundi ekki hvernig hann brást við spurningum móður sinnar og stjúpföður um ásakanir telpunnar. Aðspurður kvaðst hann hvorki hafa verið upptekinn af kynlífi á þessum tíma né hafi hann átt kærustu. Ákærði kvað samskipti þeirra C mjög góð og þeir leiki sér alltaf saman þegar þeir hittist.

Y, móðuramma A, kom fyrir dóminn sem vitni. Kvaðst hún hafa gætt A í ágústmánuði 2005 og hefði telpan þá leikið sér við C sem búi á neðri hæð hússins sem vitnið býr í. Börnin hefðu verið að leik úti í garði en hún hefði fylgst með þeim út um gluggann. Z, móðir C, hefði komið upp til vitnisins og sagst þurfa að skreppa frá en að bróðir hennar, ákærði í málinu, yrði eftir niðri til að gæta C. Stuttu seinna hefði vitnið ekki heyrt lengur til barnanna og því hefði hún farið niður til að sækja

A. Taldi vitnið að um það bil 10 til 15 mínútur hefðu liðið frá því Z sagði henni að hún væri að fara út og þar til vitnið sótti telpuna. A hefði sjálf komið til dyra og þær farið upp saman en vitnið kvaðst ekki hafa séð til þeirra C og ákærða. Á þeirri stundu hefði vitnið ekki grunað neitt misjafnt og þá hefði telpan ekki haft orð á neinu.

Um það bil einum og hálfum mánuði síðar, líklega í lok september, þegar vitnið var að aðstoða A á klósettinu, hefði telpan sagt upp úr þurru: „Það má enginn bíta í pjölluna á manni.“ Vitnið hefði undrast orð telpunnar og spurt hana hvort einhver hefði gert svoleiðis við hana. A hefði játað því og sagt það hafa verið stóra strákinn sem sé frændi C. A hefði einnig sagt að það mætti ekki sýna öðrum pjölluna á sér. Kvaðst vitnið hafa farið niður til Z í kjölfarið og sagt henni frá lýsingu telpunnar. Z hefði þá sagst ætla að tala um þetta við móður sína og fá hana til að ræða við ákærða til að athuga hvort hann gæti gefið einhverjar skýringar á þessu. Skömmu síðar hefði Z sagt vitninu að fundað hefði verið með ákærða og að hann hefði sagt að hann hefði látið börnin sýna hvort öðru kynfæri sín en að þetta hefði bara verið leikur.

Aðspurð um hvort vitnið hefði séð breytingar á A eftir þennan atburð, kvaðst hún hafa tekið eftir því að telpan bæði oft um að C kæmi upp að leika við sig en að hún vildi ekki vera niðri. Áður hefði hún alltaf farið sjálf niður en nú vildi hún fá ömmu sína með sér til að sjá hvort móðir C væri heima. Telpan hefði einnig sagst vera hrædd við stóra strákinn, frænda C, en vitnið vissi ekki á hvaða grunni sá ótti byggðist. Hins vegar hefði ótti telpunnar ekki beinst gegn C en börnin hefðu ekki leikið sér saman eftir að mál þetta kom upp en Z hefði tekið fyrir samskipti þeirra.

X, móðir A, kom fyrir dóminn og lýsti því þegar móðir hennar hringdi í hana að kvöldi til og sagði frá því að A hefði inni á klósetti sagt að enginn mætti bíta í pjölluna á henni og síðan spurt ömmu sína að því hvort það væri ekki rétt. Móðir vitnisins hefði spurt telpuna að því hvort einhver hefði gert það og telpan þá sagt að það væri frændi C, þessi stóri í rauðu peysunni. Vitnið kvaðst í framhaldi af þessu hafa rætt við A um líkamann og spurt hana hvað hefði gerst. Telpan hefði lýst atvikinu á sama hátt og hún hafði sagt móður vitnisins frá. Þau C hefðu verið úti í garði að leika sér þegar telpan þurfti að fara á klósettið og börnin hefðu því farið saman inn á klósett á heimili drengsins. Stuttu seinna hefði frændinn komið þangað inn og beðið börnin um að sýna hvort öðru kynfæri sín, snerta hvort annað og kyssast. A hefði þá sagt að það mætti ekki. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar vitnisins hefði telpan haldið fast við þá frásögn sína að ekkert fleira hefði gerst. Vitnið sagði samtál þeirra mæðgna hafa átt sér stað í sumarlok.

Vitnið kvað móður sína hafa talað við Z sem hefði sagt ákærða hafa brotnað niður þegar gengið var á hann vegna málsins og að hann hefði játað að hafa beðið börnin um að koma við hvort annað og kyssast en að þetta hefði bara verið leikur. Hefðu

vitnið og móðir hennar því ákveðið að gera ekkert frekar í málinu.

Þá lýsti vitnið því þegar hún var kvöld eitt í mat hjá móður sinni og A var niðri hjá C að leika sér. A hefði allt í einu komið upp og sagt vitninu frá því að C hefði beðið hana um að fara úr öllum fötunum og leggjast upp í rúm hjá sér. Hún hefði ekki viljað það og því farið upp til móður sinnar. Vitnið kvaðst hafa rætt þetta við Z og hún þá sagt henni frá því að C hefði sýnt óvenjulega kynferðislega hegðun í leikskólanum. Nokkrum mánuðum síðar hefði vitnið tekið eftir einkennilegri hegðun telpunnar. Telpa hefði stungið fingri inn í kynfæri sín en seinna hefði hún reynt að kyssa vitnið með opinn munninn en ekki eins og börn kyssa. Vitnið kvað sér hafa brugðið við þetta en A brostið í grát og sagt vitninu að hún hefði verið hrædd við stóra strákinn frá því hún var inni á klósetti heima hjá C. Stóri strákurinn hefði reynt að kitla hana og bíta í pjölluna og hann hefði komið að henni aftur og aftur og hefði telpa leikið þetta eins og hún væri að sleikja sleikjó. Kvað hún A hafa sagt nei við frændann og þá hefði hann hætt. Þegar vitnið hefði rætt þetta við telpuna hefði telpa sagst vera hrædd um að ákærði myndi meiða vitnið ef hún talaði um þetta við vitnið. Frændinn hefði sagt A að hann myndi krefja vitnið eins og litla pöddu. Kvaðst vitnið í kjölfarið hafa leitað til Barnahúss.

Sérstaklega aðspurð um nánari lýsingu á snertingu ákærða, kvaðst vitnið hafa skilið frásögn A á þann hátt að ákærði hefði reynt að nálgast hana og bíta og svo hafi hann að lokum náð að sleikja telpuna og þukla.

Aðspurð um hvort A hefði breyst eitthvað haustið 2005 eftir þessa atburði kvað vitnið fóstur hennar á leikskólanum hafa talað um að A væri leið og að hún vildi vera út af fyrir sig. Kvað vitnið telpuna vera mjög hrædda um vitnið og hræddist það að hún myndi deyja. Einnig hefði hún stundum sagst vera hrædd við frænda C. Stuttu áður en A hefði sagt frá því sem gerðist, hefði hún átt ímyndaða vinkonu og talað um að hún væri að skera af sér fótleggi og handleggi. Kvað vitnið þetta vera mikla breytingu á talsmáta A. Kvað vitnið samskipti telpunnar og C hafa hætt um leið og vitnið lagði fram kæru í málinu.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Z, systir ákærða og móðir C. Kvað hún ákærða hafa gisti á heimili hennar í vikutíma í ágúst árið 2005. Hann hefði einungis verið einn heima í um það bil 30 mínútur eitt sinn þegar hún og maður hennar brugðu sér með rusl í Sorpu. C hefði sagt vitninu að ákærði hefði beðið þau C og A um að kyssast og að drengnum hefði þótt það fyndið. Kvaðst vitnið ekki hafa rætt þetta mál við ákærða en það hefðu foreldrar hennar gert. Vitnið vissi ekki hvort ákærði hefði játað fyrir þeim að hafa beðið börnin um að sýna á sér kynfærin en hann hefði sagst hafa verið að stríða þeim. Aðspurð um atvik er varð á leikskóla C þar sem hann og fleiri strákar voru staðnir að því að vera í kynferðislegum leik, kvað vitnið það hafa átt sér stað vorið 2006 en að C hefði ekki átt upptökin að þeim leik.

Vitnið sagði samskipti ákærða og C vera mjög góð og að ákærði kæmi stundum í heimsókn til þeirra um helgar.

N, stjúpfaðir ákærða, kom fyrir dóminn sem vitni og kvað þau móður ákærða hafa heyrt af ásökuninum á hendur ákærða frá Z seinni hluta sumars 2005. Hún hefði sagt þeim frá því sem nágrannakona hennar sagði henni. Þau hjónin hefðu gengið mjög hart að ákærða og spurt hann hvað hefði gerst. Ákærði hefði brostið í grát en alltaf neitað ásökuninum en viðurkennt að hafa strítt börnunum án þess að hann hefði útskýrt nákvæmlega í hverju stríðnin fólst. Vitnið staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu frá 23. nóvember 2006 og kvað hana rétta.

Móðir ákærða, O, kom fyrir dóminn sem vitni. Kvað hún Z, dóttur sína, hafa í ágúst 2005 hringt í sig í vinnuna og sagt sér frá ásökunum Y, nágrannakonu Z, í garð ákærða um að hann hefði strítt börnunum og látið þau kyssast og sýna á sér kynfærin. Þegar þau N hefðu spurt ákærða hvort þetta væri rétt, hefði hann sagt að hann hefði einungis strítt börnunum í orðum en að hann hefði ekki látið þau gera neitt eða gert neitt við þau. Z hefði hringt aftur í vitnið í júní 2006 og sagt henni frá frekari ásökunum frá nágrannakonu sinni í garð ákærða. Hefði Z sagt að nágrannakonan hefði sakað ákærða um að hann hafi sagt A að sleikja á sér typpið eða eitthvað því um líkt og síðan hóttað telpunni þegar hún neitaði honum. Aftur hefðu þau hjónin rætt við ákærða sem þá hefði brotnað saman en neitað öllum sökum. Kvaðst vitnið ekki muna þetta vel þar sem þetta hefði fengið mjög á hana. Aðspurð um samskipti C og ákærða nú, kvað vitnið þau vera góð og að þeir væru góðir vinir.

*Margrét Kristín Magnúsdóttir*, sálfræðingur í Barnahúsi, kvaðst ekki hafa hitt A eftir að hún samdi framlagða greinargerð um hana. Hún hefði hins vegar hitt telpuna þrisvar sinnum í allt að meðtaldri læknisskoðuninni. Staðfesti vitnið framlagðar greinargerðir sínar varðandi A og C.

#### *Niðurstæða.*

Upphaf máls þessa má rekja til þess sem Y, amma A, sagði telpuna hafa sagt við sig í lok september 2005 um að það mætti enginn bita í pjölluna á manni. Við aðalmeðferð málsins kom fram hjá vitninu Y að þetta hefði telpan sagt upp úr þurru þegar vitnið var að hjálpa henni á klósettið og jafnframt að telpan hefði þá sagt að stóri strákurinn, frændi C, hefði gert þetta við hana. Telpan lýsti atvikinu einnig fyrir X, móður sinni, þannig að ákærði hefði reynt að kitla hana og bita í pjölluna. Kemur fram í skýrslu X fyrir dómnum að telpan hefði leikið þetta eins og hún væri að sleikja sleikjó. Eins og áður er rakið lýsti telpan atvikinu þannig í Barnahúsi að frændi C hefði einu sinni komið við pjölluna hennar og rassinn með puttunum og sýndi telpan það með því að setja báðar hendur sínar að skauti sínu.

Lýsing telpunnar í Barnahúsi á umræddu atviki er eins greinargóð og búast má við hjá svo ungu barni en telpan var fimm ára þegar skýrslan var tekin. Telpan nefndi frænda C án nokkurra málalenginga þegar hún var spurð hver hefði snert hana umrætt sinn og verður hvorki talið að spurningar um það atriði hafi verið leiðandi né að telpan hafi verið þrúspurð að þessu leyti. Það er mat dómsins að frásögn telpunnar sé einlæg og trúverðug og að ekki leiki vafi á því að með frásögnum sínum hafi telpan lýst samskiptum sínum við ákærða og er ekkert fram komið sem bendir til þess að hún hafi ruglað saman samskiptum sínum við ákærða annars vegar og við C hins vegar.

Þótt ákærði hafi frá upphafi neitað sök, hefur hann kannast við það fyrir dóminum að hafa strítt C umrætt sinn með því að spyrja hann að því hvort A væri kærasta hans. Sú lýsing er í samræmi við það sem móðir ákærða og stjúpfaðir báru fyrir dóminum um að ákærði hefði játað að hafa strítt börnunum. Verður því við það miðað að ákærði hafi átt samskipti við þau C og A umrætt sinn. Breytir því engu um þá niðurstöðu þótt misræmi sé milli skýrslu telpunnar í Barnahúsi annars vegar og hins vegar framburðar ákærða og vættis vitnanna Y og Z um það hvort þau Z og eiginmaður hennar, foreldrar C, voru heima við eða í burtu þegar þetta var.

Í skýrslu sinni í Barnahúsi sagðist C ekki muna eftir því að ákærði hefði verið heima hjá honum þegar hann lék sér við A og kannaðist heldur ekki við að einhver hefði einhvern tímann beðið þau A um að kyssast. Þá neitaði hann því að einhver hefði snert á honum typpið og kannaðist ekki við að þau A hefðu klætt sig úr fötunum umrætt sinn. Vætti C, sem var sex ára þegar skýrsla var tekin af honum í Barnahúsi, þykir ekki geta haft úrslitaáhrif um niðurstöðu máls þessa og kemur þar einkum til, auk ungs aldurs drengsins, að hann svaraði neitandi spurningu um það hvort hann væri viss um að hann myndi segja frá því ef framangreint væri satt án þess að geta skýrt svar sitt nánar. Þá verður ekki framhjá því litið að frásögn hans samrýmist ekki vitnisburði móður hans, Z, hér fyrir dóminum og hjá lögreglu, um að drengurinn hafi sagt henni að ákærði hefði beðið þau C og A um að kyssast. Er skýrsla drengsins einnig á annan veg en framburður ákærða sjálfs og vætti vitna um að ákærði hefði verið heima hjá drengnum þegar börnin léku sér saman umrætt sinn.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti nuddað og sleikt kynfæri og rass A. Í ljósi trúverðugrar lýsingar telpunnar á háttsemi ákærða um að hann hefði tekið niður um hana buxurnar og komið við þjölluna og rassinn með puttnum, en að hún hefði ekki meitt sig við það, og þegar jafnframt er litið til vættis Y, ömmu telpunnar, og X, móður hennar, um að telpan sé hrædd við ákærða og að hegðun telpunnar hefði breyst eftir þetta, er það mat dómsins að sannað sé, gegn neitun ákærða, að hann hafi farið höndum um kynfæri telpunnar og rass innan klæða þannig að varði við ákvæði 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að því er varðar þær sakargiftir að ákærði hafi sleikt kynfæri og rass A, verður litið til frásagnar hennar að þessu leyti sem dómurinn hefur metið trúverðuga. Í skýrslunni sagði telpan aðspurð um það hvort ákærði hefði sett munninn á pjölluna að það hefði hann ekki gert og að hann hefði ekki getað það af því að hún fór alltaf frá. Eins og áður er rakið sést á myndbandsupptöku af skýrslutökunni að telpan færði sig til hliðanna í sófanum þegar hún lýsti þessu. Með vísan til þessarar lýsingar telpunnar og neitunar ákærða, verður að telja ósannað að ákærði hafi sleikt kynfæri og rass A eins og honum er gefið að sök í ákæru. Verður ákærði því sýknaður af þessu ákæruatriði.

III.

## 2. ákæruatriðið.

Með bréfi dagsettu 6. október 2006 óskaði barnaverndarnefnd [...] eftir afskiptum lögreglu af málefnum B sem er fædd [...]. Kemur fram að nefndinni hefði borist tilkynning frá foreldrum telpunnar, P, kt. 000000-0000, og Q, kt. 000000-0000, um að þau grunaði að telpan hefði verið áreitt kynferðislega. Ætlaður gerandi væri bróðir konunnar sem hefði oft verið á heimili þeirra hjóna og búið nánast alveg hjá þeim á tímabili. Hann hefði því margoft gætt barna þeirra, bæði að degi til og á kvöldin.

Hjónin hefðu fengið vitneskju um málið þegar þau voru á leið út af heimili sínu í byrjun ágúst 2006. Þegar þau hefðu verið að klæða börnin hefðu þau spurt B hvort ákærði mætti klæða hana í fötin en hún þá svarað á þessa leið: „Nei, hann kitlar mig í pjölluna“. Ákærði hefði orðið vandræðalegur þegar hjónin spurðu hann hvort þetta væri satt en síðan neitað. Ákærði hefði síðan sýnt þeim hvernig hann hefði stundum kitlað telpuna í magann og nárann. Hefðu hjónin látið málið kyrrt liggja í fáeina daga en síðan spurt telpuna hvort ákærði hefði kitlað hana í nárann eða pjölluna og bent á þau svæði. Telpan hefði svarað því til að ákærði hefði kitlað pjölluna. Hjónin hefðu ekki rætt þetta frekar við telpuna að svo stöddu.

Örfáum dögum síðar hefði faðirinn náð í börnin á leikskólann og rætt við B um að þau væru að fara upp á [...] til ömmu og afa. Umræðan hefði snúist um það hversu góð amma og afi væru og hefði telpan þá sagt í kjölfarið: „Líka M þegar hann er ekki að fikta í pjöllunni minni“. Sama dag hefði móðirin spurt telpuna nánar út í atvikið og spurt hvort ákærði hefði einhvern tímann beðið hana um að koma við typpið og telpan sagt að hann hefði verið að „nudda typpið sitt“ og þá hefði hann sagt henni eða beðið hana um að koma við typpið. Telpan hefði hins vegar sagt ekki hafa gert eins og hann bað heldur beðið hann um að hætta. Að sögn hjónanna hefði telpan sagt að M væri góður þegar hann væri ekki að fikta í pjöllunni um það bil tvisvar til þrisvar sinnum eftir þetta og í síðasta skiptið tekið svo til orða að M

væri hættur að fikta í pjöllumni. Hefðu hjónin fullyrt að telpan hefði hafið máls á þessu án þess að þau hefðu verið að ræða þetta við hana. Ákærði hefði ekki verið einn með börnunum síðan telpan tjáði sig fyrst um málið.

Að sögn foreldra B hefði ákærði neitað að hafa áreitt stúlkuna kynferðislega en hann hefði hins vegar viðurkennt að hafa fróað sér í hjónarúminu með börnin sér við hlið þegar hann gætti þeirra. Hefði hann sagt að börnin hefðu verið sofandi eftir því sem hann best vissi. Ákærði hefði oftast haft svefnaðstöðu í stofunni þegar hann gætti barnanna en hefði stundum sofið með telpunni í rúmi hennar. Foreldrarnir hefðu greint frá því, að áður en B tjáði sig fyrst um málið hefði hún svarað því neitandi í tvígang þegar hún var spurð hvort ákærði mætti sofa með henni í rúmi.

Að beiðni sýslumannsins í [...] og með vísan til a-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, var tekin skýrsla í Barnahúsi af B 27. október 2006 en skýrslutakan fór fram undir umsjón dómara. Verður vitnisburður telpunnar nú rakinn.

Telpan var spurð að því hvort einhver hefði einhvern tímann gert eitthvað við líkama hennar og kinkaði hún þá kolli játandi. Sagði hún frænda sinn og D vera góðan en hann væri stundum að stríða og að hann hefði verið að „fikta eitthvað“. Er framhaldi samtalsins um þetta lýst þannig í framlögðu endurriti af skýrslutökunni:

„Sp. nú. Hvað heitir frændi þinn

Sv. M.

Sp. M, segðu mér betur frá því sem hann er að fikta

Sv. pjöllumna

Sp. fikta í pjöllumni

Sv. og typpið sitt

Sp. og typpið sitt

Sv. og ég veit ekki meira“.

Síðar í skýrslutökunni þegar telpan er beðin að segja aftur frá því sem ákærði gerði lýsir hún því þannig að hann hafi stundum verið að „fikta í pjöllumna“ og „fikta í typpinu á sér“. Hún kinkaði kolli neitandi þegar hún var spurð að því hvort hún hefði komið við typpi ákærða en kinkaði játandi kolli þegar hún var spurð að því

hvort hann hefði beðið hana um að gera það. Telpun lýsti því að þetta hefði gerst að degi til og að þau hefðu verið í herbergi þar sem voru kojur. Hún hefði verið að leika sér í rúmi D, bróður síns, í neðri koju og þá hefði ákærði byrjað að fíkta í þjöllunni og sagði telpun síðar í skýrslutökunni að það hefði hann gert með puttunum. Telpun svaraði hins vegar neitandi spurningu um það hvort ákærði hefði fíktað annars staðar í henni.

Aðspurð um hvort þetta hefði gerst einu sinni eða oft, svaraði telpun „meiri“ og svaraði játandi spurningu um hvort það þýddi oft en einu sinni. Þegar telpun var spurð aftur að þessu síðar í skýrslutökunni lyfti hún upp fimm fingrum til að sýna hversu oft. Kom fram hjá henni að foreldrar hennar hefðu verið í vinnunni þegar þetta gerðist.

Þegar telpun var spurð að því hvort þau hefðu einhvern tímann verið einhvers staðar annars staðar en í herberginu sem hún sagði frá, sagði telpun að það hefði verið „í þabba rúmi og mömmu rúmi“. Hún sagði ákærða hafa verið „bara að fíkta í sér“ og að hún hefði séð typpið á honum og sagði aðspurð um það hvernig það hefði verið: „Það var uppi“. Þá kom fram hjá telpunni að ákærði hefði fíktað í typpinu á sér með puttunum. Aðspurð um það hvort ákærði hefði gert eitthvað við D, bróður hennar, svaraði hún því játandi og sagði hann hafa fíktað í typpinu hans. Aðspurð um það hvort hún hefði verið í fötum þegar þetta gerðist, svaraði telpun játandi í fyrstu en bætti síðan við „...já ég veit það ekki“.

Af hálfu ríkissaksóknara var óskað eftir greinargerð varðandi viðtöl Ólafar Ástu Farestveit, uppeldis- og afbrotufræðings og sérfræðings í Barnahúsi, við B varðandi ætluð kynferðisbrot ákærða gagnvart henni. Í framlagðri greinargerð um telpuna dagsettri 7. mars sl., kemur fram að sérfræðingurinn hafi hitt telpuna sex sinnum á tímabilinu frá 1. nóvember 2006 til 1. febrúar 2007. Þá segir að telpun hefði í viðtölunum oft sagt frá á hispurlausan hátt án þess að eftir því væri leitað. Vegna ungs aldurs telpunnar hefði verið lögð mest áhersla á fræðslu til telpunnar og foreldra hennar um aðstoð við telpuna. Foreldrarnir hefðu fengið afhentan svonefndan CBCL sjálfsmatslista um hegðun og líðan telpunnar en hann hefði ekki borist sérfræðingnum aftur útfylltur og því ekki unnt að greina frá niðurstöðum hans.

Er því lýst í greinargerðinni að B hefði sagt frá því um leið og sérfræðingurinn hóf fræðsluna í fyrsta viðtalinu að M frændi hennar hefði „alltaf verið að fíkta í þjöllunni hennar og sleikja hana.“ Hún hefði alls ekki viljað að hann passaði hana aftur fyrr en foreldrar hennar hefðu skammað hann og hann myndi ekki gera þetta aftur. Hefði verið ljóst að hún hefði haft óþægindi af atburðinum og að hún vildi ekki lenda í slíku aftur. Í öðru viðtalinu hefði einnig komið fram með afdráttarlausum hætti að M hefði alltaf verið að fíkta í þjöllunni hennar og að hún hefði ekki viljað það. Fræðsla sérfræðingsins hefði snúist um kynfæri telpunnar

sem „einkastaðar“ sem enginn mætti snerta nema hún sjálf og einnig ef hún þyrfti á hjálp að halda. Farið hefði verið yfir það hvað væru góðar snertingar og slæmar snertingar og hefði telpan verið sannfærð um að snertingar M hefðu ekki verið góðar snertingar og orðað það svo að hún hefði verið hrædd í hjartanu sínu en tilfinningar hennar hefðu þó verið nokkuð efablandnar þar sem henni þótti frændinn einnig skemmtilegur og hefði sjálf sagst vilja hitta hann aftur ef það væri tryggt að hann gerði ekki ofangreinda hluti við hana. Einnig hefði hún sagst hafa orðið hrædd í hjartanu sínu þegar hún kom í lækni skoðun í Barnahús.

Í greinargerðinni kemur fram að B hafi sagt sérfræðingnum frá því í byrjun janúar sl. að hún hefði séð ákærða heima hjá ömmu sinni og afa og að hún hefði í fyrstu verið hrædd. Svo hefði hún heilsað honum en sagðist þá hafa verið „smá hrædd en ekki mikið“. Hún hefði saknað að hluta til þeirra leikja sem hann hefði verið vanur að leika með henni eins og að „galsast og hnoðast“.

B hefði farið að sýna kynferðislega hegðun og fíktað stöðugt í kynfærum sínum og nuddað þau með hlutum og fingrum. Væri algengt að ung börn sýndu óvenju mikla kynferðislega hegðun eftir að hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun eða áreitni. Telpan hefði sagst vera að reyna að hætta þessu þegar hún var frædd um mikilvægi þess að gera þetta ekki í tíma og ótíma innan um fólk. Hefðu foreldrar telpunnar merkt miklar hegðunarbreytingar hjá henni eftir að hún sagði frá misnotkuninni auk þess sem hún væri lítil í sér, gréti við minnsta áreiti, vildi ekki fara að sofa og vildi helst ekki sofa í rúmi sínu. Væru þetta miklar breytingar og móðirin hefði sagt að hún þekkti ekki dóttur sína aftur.

Í samantektarkafli greinargerðarinnar kemur fram að B sé dugleg og skelegg telpa. Vanlíðan hennar komi aðallega fram í miklum hegðunarbreytingum, hræðslu við að sofa ein, grátköstum og svo hefðu samskiptin við móðurömmu og stjúpafa minnkað til mikilla muna. Telpan hefði verið leidd inn í heim og fengið upplýsingar um hluti sem þriggja til fjögurra ára börn ættu ekki að hafa upplýsingar um og hefðu þær bæði sært blygðunarsemi hennar og valdið breytingum á líðan hennar og hegðun. Þar sem B sé mjög ung að árum sé ekki loku fyrir það skotið að hún þurfi á meðferð að halda þegar hún verði unglingur og byrji að taka út kynþroska þar eð börn á þeim aldri leggi annan og breyttan skilning í kynferðislega misnotkun og áreitni.

Í málinu liggur frammi lækni svottorð Óttars Guðmundssonar geðlæknis dagsett 27. febrúar sl. Þar kemur fram að hann hafi hitt ákærða máls þessa níu sinnum á tímabilinu frá 23. mars 2006 til 20. febrúar sl. Ákærði hefði upphaflega komið til læknisins að beiðni móður sinnar sem hefði haft áhyggjur af sálarheill drengsins. Ákærða hefði gengið illa í skóla og hefði komið fram í fyrsta viðtali þeirra læknisins að ákærði hefði ríka tilhneigingu til að einangra sig. Hann léki sér mest í tölvum þegar hann væri ekki að vinna og honum liði ekki vel andlega sem hann

skýrði sjálfur með því að honum leiddist. Þegar annað viðtalið fór fram hefði ákærði verið fluttur til [...] með móður sinni og stjúpföður og hefði hafið vinnu við sorphreinsun sem honum virtist líka vel. Frá þessum tíma hefði ýmislegt jákvætt gerst í lífi ákærða.

Í lok vottorðsins kemur fram það mat læknisins að ákærði sé 17 ára gamall unglingur sem hafi gengið illa í skóla og fengið dyslexiugreiningu. Hann hafi verið einangraður félagslega en það hafi lagast mikið á síðustu mánuðum. Hann komi eðlilega fyrir sjónir með venjuleg áhugamál drengja á þessum aldri. Ákærði hafi neitað öllum ásökunum um að hafa umgengist börn á kynferðislegan hátt og segist alsaklaus af þeim ásökunum sem fyrir liggja. Þá hafi hann aldrei glímt við vanda sem tengist afbrigðilegum kynlífshugmyndum eða þráhyggju. Ekkert hafi komið fram í viðtölum læknisins við ákærða sem bendi til þess að ákærði hafi tilhneigingar til barna. Loks lýsir læknirinn þeirri skoðun sinni að honum finnist ólíklegt að ákærði hefði getað haldið sakleysi sínu til streitu í öllum viðtölunum ef hann væri sekur um það athæfi sem hann er sakaður um.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vætti vitna fyrir dóminum.

Ákærði hefur neitað sök. Hann kvaðst hafa komið í heimsókn til P, systur sinnar, næstum hverja helgi sumarið 2006. Oft og á öllum tímum sólarhringsins hefði hann gætt barna P, þeirra B og D. Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa í leik kitlað B undir höndum og á maga. Hann kannaðist hins vegar ekki við að eitthvað sérstakt hefði komið upp í samskiptum hans við B en tók fram að þau P hefðu slegist í október í viðurvist telpunnar og D bróður hennar. Orsök slagsmálanna hefði verið sú að ákærði hefði ekki getað gætt barnanna fyrir P og mann hennar og það hefði reitt þau til reiði. Kvaðst ákærði hafa hætt heimsóknum til þeirra eftir þetta.

Ákærði kvaðst ekki muna til þess að fjölskylda hans hefði rætt ætlað brot hans gagnvart B við sig. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa sagt N, stjúpföður sínum, frá kitlum eða öðru og taldi ákærði mögulegt að N væri að greina rangt frá. Á hinn bóginn kannaðist ákærði við að hafa sagt N frá því að hann hefði fróað sér einu sinni þegar hann var að gæta barnanna. Börnin hefðu verið sofandi en hann hefði setið í stól við enda rúmsins fyrir framan sjónvarpið. Hann kvaðst hafa haft teppi yfir sér til að börnin sæu ekki hvað hann gerði ef þau vöknudu. Hann hefði ekki áttað sig á því að annað þeirra hefði vaknað.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa átt kærustu á þessum tíma né hefði hann verið farinn að lifa kynlífi og kannaðist heldur ekki við að hafa hugsað mikið um kynlíf.

Ákærði kvað samskipti sín við fjölskyldu P vera góð í dag. Hann gisti þó hvorki né gæti barna hennar lengur. B væri þó alltaf glöð þegar þau ákærði hittust og kvaðst ákærði þá leika við hana.

Z, systir ákærða, kom fyrir dóminn sem vitni og kvaðst hafa rætt við B áður en málið fór fyrir Barnaverndarnefnd og skoðað með henni bókina um líkamann. Hún hefði spurt telpuna hvort einhver hefði snert hana á stöðum sem henni þætti óþægilegt og hefði hún þá sagt að ákærði hefði kitlað sig án þess þó að hún hefði tiltekið hvar hann hefði kitlað hana.

N, stjúpfaðir ákærða, gaf vitnaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa rætt við ákærða af og til í vikutíma um málið og þá spurt ákærða hvað hefði gerst. Hann kvað ákærða hafa viðurkennt að hafa fróað sér en sagst hafa talið að börnin væru sofandi. Kvaðst vitnið ekki hafa spurt ákærða hvar hann var þegar þetta gerðist og því vissi hann ekki hvort börnin hefðu legið í rúminu með ákærða umrætt sinn eða hvort ákærði hefði setið á stól við hliðina á rúminu. Aðspurður um skýrslu sína hjá lögreglu þar sem hann hélt því fram að ákærði hefði verið með börnunum í rúminu, kvaðst hann hafa dregið þessa ályktun þar sem plássið í herberginu er lítið og þar sem ákærði sagðist hafa verið að horfa á sjónvarpið. Ákærði hefði hins vegar aldrei orðað frásögn sína þannig við vitnið að hann hefði verið uppi í rúminu. Tók vitnið fram að í svefnherberginu hefði verið stóll á hjólum sem hægt væri að fara með um allt húsið.

Vitnið kvað þau móður ákærða hafa spurt ákærða hvað hann hefði gert. Ákærði hefði sagst ekkert hafa gert en kannaðist við að hafa fróað sér án þess að hjá ákærða hefði komið skýrt fram hvort þetta hefði gerst einu sinni eða oft. Kvað vitnið ákærða hafa sagst hafa kitlað stúlkuna en sagði það ekki hafa verið í kynferðislegum tilgangi. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í skýrslu lögreglu um kitlurnar.

Aðspurður um félagslega stöðu ákærða kvað vitnið hann búa hjá vitninu og móður sinni en þau vitnið hefðu hafið sambúð árið 2003. Á þeim tíma hefði ákærði verið í [...]skóla í [...] og verið mjög einangraður. Þegar þau hafi flutt á [...] árið 2004 hefði ákærði orðið félagslyndari. Hann hefði einangrast á nýjan leik þegar hann hóf skólagöngu í [...]skólanum á [...]. Vitnið sagði ákærða hafa breyst mikið frá því að hann fór að ganga reglulega til Ottars Guðmundssonar geðlæknis. Nú sé hann í fullri vinnu og sæki í félagsskap annarra.

O, móðir ákærða, kvað P, dóttur sína, hafa hringt í sig nokkru eftir áðurnefnd slagsmál milli ákærða og P, og sagt sér frá því sem B átti að hafa sagt um að ákærði

hefði nuddað á sér typpið. Þau N, sambýlismaður vitnisins, hefðu gengið á ákærða og spurt hann hvort hann hefði einhvern tíma fróað sér heima hjá P og hefði hann játað það en tekið fram að hann hefði talið að börnin svæfu. Kvaðst vitnið ekki muna hvort ákærði hefði sagst hafa gert þetta einu sinni eða oftár en minnti að hann hefði sagt að þetta hefði gerst þegar hann var inni í herbergi þar sem börnin sváfu. Hins vegar mundi vitnið ekki til þess að það hefði komið til tals hvort ákærði hefði verið í sama rúmi og börnin. Vitnið kvað ákærða hafa neitað öllum ásökunum og brugðist mjög illa við spurningum þeirra N.

Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög einangraðan á þessum tíma. Eftir að málið varðandi A kom upp, hefði hann gengið til geðlæknis og við það hefði líðan hans batnað. Nú stundi ákærði vinnu og umgangist fjölda ungmenna. Ákærði væri hreinn og beinn í framkomu og segði satt og rétt frá. Hann sé hins vegar með lesblindu og hafi átt við námsörðugleika að stríða og því hefði hann hætt framhaldsskólagöngu þegar hann var á öðru ári. Vitnið kveður ákærða ekki skilja öll orð og því þurfi að tala við hann á einföldu máli.

P, móðir B og systir ákærða, kom fyrir dóminn sem vitni. Hún kvað mál þetta hafa komið upp með þeim hætti að hún og fjölskylda hennar hefði verið á leið út úr húsi þegar B var spurð hvort ákærði, sem þá var staddur hjá þeim, mætti klæða hana í útifötin. Telpan hefði svarað því neitandi með þeim orðum að hann mætti það ekki þar sem hann væri alltaf að fíkta í pjöllumni. Kvaðst vitnið strax hafa spurt ákærða hvað hún gæti átt við en hann hefði sagst hafa kitlað hana. Daginn eftir hefði vitnið rætt þetta við B og spurt hana hvort ákærði hefði kitlað hana í nárann bent á hann til skýringar en telpan þá sagst nei og bent á klofið á sér og sagt að hann hefði verið að fíkta þar.

Vitnið kvaðst hafa rætt málið við ákærða og hefði hann játað að hafa fróað sér uppi í rúmi hjá börnunum heima hjá vitninu. Kvað hún ákærða hafa viðurkennt að hafa gert það að minnsta kosti þrisvar sinnum. Nánar aðspurð um hvað B hefði sagt, kvað vitnið hana hafa sagt að ákærði hefði verið að fíkta í pjöllumni og að hún hafi séð typpið og að það hefði verið uppi. Þegar vitnið hefði spurt telpana hvort ákærði hefði beðið hana að snerta á sér typpið, hefði hún jánkað því en jafnframt tekið fram að hún hefði sagt nei við hann. Kvaðst vitnið telja að þetta hefði gerst einu sinni. B hefði ekki minnst á D í samtölum sínum við vitnið um málið en seinna hefði telpan sagt frá því að ákærði hefði fíktað í typpinu á D uppi á borði og að hann hefði lyft henni upp á borð, girt niður um hana buxurnar en að svo hefði sími hans hringt og hún þá farið sjálf niður af borðinu. Frá þessu hefði telpan sagt þegar hún hafði farið í Barnahús.

Vitnið kvað B ekki tala um þetta lengur en þó minnst hún oft á að ákærði sé góður af því að hann sé hættur að fíkta í pjöllumni. Eftir þetta hafi borið á því að hún sé að koma við sig og þá hafi hún breyst í skapi, hún verði fljótt pirruð og fari oftár í

fýlu.

Aðspurð um hvenær vitnið hafi slegist við bróður sinn kvaðst hún ekki muna það nákvæmlega en það hefði verið eftir að B sagði frá því sem gerðist. Kvað hún ákærða hafa hætt að koma á heimili hennar eftir slagsmálin og að B fái ekki lengur að vera ein með ákærða.

Q, faðir B og mágur ákærða, kom fyrir dóminn sem vitni og kvaðst hafa heyrt þegar telpan neitaði að leyfa ákærða að klæða sig þar sem hann væri alltaf að kitla hana í pjöllum. Þá hefði B einu sinni, á leið úr leikskólanum, sagt við sig að ákærði væri góður af því að hann væri hættur að fíkta í pjöllum. Vitnið kvaðst ekki merkja breytingar á B eftir þessa atburði og sagði samskipti hennar við ákærða góð.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni *Ólög Ásta Farestveit*, uppeldis- og afbrotafræðingur í Barnahúsi. Hún lýsti B sem masgefinni stúlku sem væri dugleg að tjá sig, opin og þroskuð. Telpan hefði í viðtölum í Barnahúsi fengið fræðslu um líkamann eins og börn á hennar aldri fái þegar svona mál komi upp. Í öllum viðtölunum hefði telpan minnst á það sem ákærði gerði henni.

B hefði komið í sex viðtöl í Barnahús áður en framlögð greinargerð vitnisins var rituð en skiptin séu nú orðin sjö. Í öðru viðtölinu hefði telpan talað um að hún hefði verið sleikt en áður hefði hún einungis talað um fikt. Tilfinningar telpunnar hefðu verið erfiðar enda blönduðust þar saman hlýjar tilfinningar til frænda hennar sem hefði gert henni eitthvað.

Telpan hefði sýnt mikla kynferðislega hegðun með því að fíkta í kynfærum sínum með hlutum og fingrum innan um aðra. Mat vitnið þessa hegðun telpunnar óeðlilega og styddi hegðunin grunsemdir um að telpan hefði orðið fyrir ofbeldi. Einnig styddi þá niðurstöðu sú staðreynd að telpan ræddi atvikið í öllum viðtölum.

Aðspurð um framtíðarhorfur telpunnar, kvað vitnið erfitt að segja nákvæmlega til um það en hins vegar liggi fyrir að oft fái börn, sem orðið hafi fyrir brotum svo ung, áfall þegar komið sé fram á unglingsárin.

Aðspurð um hvort svo ung börn hafi skilning á svona málum, sagði vitnið börn upplifa eitthvað sem því þyki óþægilegt. Líklega muni telpunni líða vel á næstu árum en gera megi ráð fyrir að hún muni þetta alla tíð. Þess vegna muni telpan

halda áfram viðtölum í Barnahúsi.

Loks staðfesti vitnið greinargerð sína dagsetta 7. mars 2007.

*Óttar Guðmundsson* læknir gaf vitnaskýrslu fyrir dóminum símleiðis. Vitnið kvaðst fyrst hafa hitt ákærða 23. mars 2006 og síðan hefðu þeir hist fimmtán sinnum. Ákærði hefði rætt um sjálfan sig og líðan sína en einnig um þær ásakanir sem á hann hefðu verið bornar. Vitnið kvað ákærða ekki hafa játað neitt fyrir sér sem vitnið teldi vera grundvöll meðferðar við barnafíkn. Engin girnd til barna hefði komið fram í viðtölum en þó hefði ákærði viðurkennt að hafa fróað sér þegar hann hélt að B væri sofandi.

Vitnið kvað ákærða vera með þroskafrávik og ekki ganga heilan til skógar. Það kæmi því vitninu á óvart ef ákærði væri í raun sekur af ásökununum þegar lítið væri til þess hversu staðfastlega hann hefði neitað sök.

Aðspurður um mat hans á þeim áhrifum sem refsingar gætu haft á ákærða, taldi vitnið að þær myndu hafa mjög slæm áhrif. Ákærði væri óþroskaður og fremur lítill bóggur og því yrði það honum erfitt að fara í fangelsi, sérstaklega þar sem hann teldi sig saklausan.

*Niðurstaða.*

Ákærða er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa í tvö skipti nuddað kynfæri B innan klæða og að hafa í tvö skipti fróað sér að telpunni ásjáandi. Áður hefur því verið lýst að grunsemdir vöknudu um ætluð brot ákærða þegar telpan svaraði neitandi spurningu foreldra sinna um það hvort ákærði mætti klæða hana í útifötin og bætti við til skýringar að ákærði kitlaði hana í þjölluna.

Ákærði hefur neitað sök en kannast við að hafa kitlað telpuna og fær framburður hans að þessu leyti stuðning í vætti N, stjúpföður hans, um að ákærði hefði játað að hafa kitlað telpuna án þess að það hefði verið af kynferðislegum toga. Það rýrir þó trúverðugleika framburðar ákærða, að hann kvaðst fyrir dóminum hvorki muna eftir því að fjölskylda hans hefði rætt við hann um ætluð brot hans, né að hann hefði sagt stjúpföður sínum frá kitlunum og taldi mögulegt að frásögn N væri röng. Er áður rakið hvernig skyldmenni ákærða hafa fyrir dóminum lýst samtölum sínum við ákærða um ætluð brot hans og að honum hafi í þeim samræðum verið brugðið.

Helstu atriðum úr skýrslutöku af B í Barnahúsi er fyrr lýst og kom þar fram að telpan sagði ákærða hafa fíktað í þjöllunni og einnig í typpinu. Þá nefndi telpan ákærða með nafni án eftirgangsmuna þegar hún var spurð að því hver hefði fíktað. Lýsing B á fíkti og kitlum ákærða er í samræmi við lýsingar vitnanna Z, systur ákærða, og P, systur ákærða og móður B, á frásögnum telpunnar eftir að málið kom upp. Vitnið Z sagði telpuna hafa sagt að ákærði hefði kitlað sig og vitnið P bar á þann veg að telpan hefði sagt að ákærði hefði fíktað í klofi hennar. Telpan var aðeins tæpra fjögurra ára þegar hún gaf skýrslu í Barnahúsi en það er álit dómsins að lýsing hennar á þessum atriðum hafi verið trúverðug og komin fram án fyrirhafnar. Að þessu virtu telst sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi farið höndum um kynfæri B.

Þegar litið er til óljósra svara telpunnar í Barnahúsi við spurningu um það hvort hún hefði verið í fötum umrætt sinn, verður að telja ósannað að um snertingu innan klæða hafi verið að ræða. Þá þykja dóminum svör telpunnar við spurningu um það hversu oft þetta gerðist vera svo óljós að ekki verði á þeim byggt að öðru leyti en því að sannað þykir að tilvikin voru fleiri en eitt. Verður því miðað við að um tvö tilvik hafi verið að ræða. Enn fremur þykir varhugavert að slá því föstu að ákærði hafi nuddað kynfæri telpunnar, enda fær sú lýsing ekki stöð í gögnum málsins. Verður ákærði því sakfelldur fyrir að hafa í tvö skipti farið höndum um kynfæri telpunnar utan klæða þannig að varði við ákvæði 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er einnig gefið að sök í þessum lið ákæru að hafa í tvö skipti fróað sér að telpunni ásjáandi. Ákærði hefur viðurkennt að hafa einu sinni fróað sér inni í herbergi þar sem B og D, bróðir hennar, voru. Hann hefur hins vegar neitað sakargiftum og fullyrt að hann hafi talið börnin vera sofandi á meðan hann fróaði sér og þá hefur hann jafnframt neitað að hafa verið uppi í rúmi hjá börnunum en heldur því fram að hann hafi meðan á þessu stóð setið á stól með teppi yfir sér. B lýsti atvikum þannig í Barnahúsi að hún hefði séð ákærða fíkta í typpinu á sér og að typpið hefði verið „uppi“. Telpan gaf ekki frekari lýsingu á umræddu atviki. Þegar þessi takmarkaða lýsing er virt ásamt sönnunarfærslu um þetta ákæruatriði að öðru leyti, er það mat dómsins að ekki sé fram komin viðhlítandi sönnun fyrir þeim refsiverða verknaði sem ákærða er hér gefinn að sök, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991. Verður hann því sýknaður af ákæru um brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga.

#### IV.

##### *Ákvörðun refsingar.*

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir að hafa þrífegis á árunum 2005 og 2006 gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um ákvörðun refsingar ákærða fer eftir ákvæðinu eins og það hljóðaði fyrir breytingu

sem á því var gerð með lögum nr. 61/2007 sem tóku gildi 4. apríl sl., en þar var refsihámark hækkað úr 4 árum í 6 ár.

Ákærði er fæddur [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til þess að með brotum sínum misnotaði hann aðstöðumun í aldri og þroska gagnvart mjög ungum telpum. Á hinn bóginn er ákærði ungur að árum. Hann var rétt orðinn sextán ára þegar hann framdi fyrsta brotið og það sem alvarlegast telst, en nýorðinn sautján ára þegar hann framdi seinni tvö brotin.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir eftir atvikum og að teknu tilliti til ungs aldurs ákærða að fresta fullnustu hennar eins og nánar greinir í dómsorði.

#### *Bótakröfur:*

Í málinu liggja frammi tvær skaðabótakröfur, annars vegar bótakrafa X, kt. 000000-00009, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, A, og hins vegar bótakrafa Q, kt. 000000-0000, og P, kt. 000000-0000, vegna ófjárráða dóttur þeirra, B. Var kröfunum beint að ákærða sjálfum og var hún fyrst kynnt honum við skýrslutöku hjá lögreglu 1. desember 2006. Fyrir liggur að ákærði var ófjárráða vegna æsku þegar málið var til meðferðar fyrir dóminum. Hefði því borið að beina bótakröfunum að lögráðamanni ákærða fyrir hans hönd. Ekki verður séð að þess hafi verið gætt og ber af þeim sökum að vísa kröfum þessum sjálfkrafa frá dómi ásamt kröfu um þóknun réttargæslumanns brotaþola.

#### *Sakarkostnaður:*

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hauks Haukssonar hdl., þykja að teknu tilliti til virðisaukaskatts hæfilega ákveðin 600.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna samkvæmt framansögðu hefur verið tekið tillit til starfa verjanda í þágu ákærða við lögreglurannsókn málsins. Verður ákærða með vísan til ákvæða síðari málsliðar 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 gert að greiða málsvarnarlaunin að tveimur þriðju hlutum en að öðru leyti skulu þau greidd úr ríkissjóði. Þá verður ákærða gert að greiða 15.000 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dóminn kveða upp héraðsdómararnir Arnfríður Einarsdóttir, sem dómsformaður, Guðmundur L. Jóhannesson og Þorgeir Ingi Njálsson.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómsformanns.

D ó m s o r ð :

Ákærði, M, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfum A og B er vísað frá dómi ásamt kröfu um þóknun réttargæslumanns brotþola.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar héraðsdómsslögmans, 600.000 krónur, að tveimur þriðju hlutum, en þau greiðast að öðru leyti úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði annan sakarkostnað, 15.000 krónur.

Arnfríður Einarsdóttir

Guðmundur L. Jóhannesson

Þorgeir Ingi Njálsson